



Þroski 5 mánaða barns



Grófhreyfingar

Lyftir höfði liggjandi á baki, togar í fæturna á sér, nagar á sér tærnar.

Leikur að tám.

Lyftir höfði og brjósti á grúfu. Sperrir sig.

Tekur sundtökin.

Tekur þunga á framhandleggi.

Fínhreyfingar

Tekur upp hluti og flytur á milli handanna, stingur upp í sig (til 12 mánaða).

Seilist með báðum höndum í einu eftir hlut.

Lófagrip.

Hendur jafnvígar.

Samskipti

Hjalar. Babblar. Agú.

Steypir silfurhnappa (myndar slefbólur/munnvatnsperlur).

